

MÁLÞING UM FERÐAÞJÓNUSTU Í FLJÓTSDAL 7. apríl 2017

NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

1. Hugurflug um sérstöðuna

Hópavinnan fór í alla staði vel fram og góð þátttaka gesta var á málþinginu. Unnið var á þremur borðum alls um 16 manns. Hermann bað gesti í upphafi hópavinnu að velta fyrir sér þremur spurningum í hugaflugi: *sérstöðu svæðisins, tækifærum og hindrunum og hlutverki ferðaþjónustunnar í atvinnu og menningu Fljótsdals*. Í hugarfluginu ætti að leggja áherslu á sérstöðuna en málþingsgestir gætu einnig lagt inn hugmyndir er vörðuðu hinar tvær spurningarnar. Síðan var orðið látið ganga á milli þátttakenda þannig að allir fengu tækifæri til að láta hugmyndir fljóta af stað.

Afrakstur hugarflugs málþingsgesta

Blandaður búskapur, fyrsta landshlutaverkefni skógræktar, margt hægt að gera á litlu svæði, auðvelt aðgengi upp á hálandið. Fjölbreytt ferðaþjónusta, út úr alfaraleið, ekki á hringvegi. Þéttleik og víðátta, Námdin við þann sem heimsækir svæðið, tengsl innbyrðis milli fólks og samvinna, fjölbreytileikinn í umhverfinu, veðrið, tækifæri til hráefnasköpunar og notkunar. Örafin í kringum dalinn, víðerni gróin háslétta, ísklifur, hjólreiðar, gönguleiðir, ljósmyndun, fossar, skógrækt, þjóðgarðurinn, þorrablót, veiðar hreindýr, silungur, veðurfar, fjölbreytt landslag, víðerni. Gátt að óbyggðum kyrrð, bara gæðastaðir, Eyjabakkar, Langhús, Klaustur, Melarétt, Fjótið, fámenni, loftslag þurrt, (meginlandsloftslag), mikið af lítt snortnu landi, lítið breyst í tímans rás, stuttar vegalengdir (göngulengdir) frá vegi í náttúruperlur. Fuglalíf einfaldleiki, sambland af nútíma, fortíð og náttúru.

Lagafljót og ormurinn, hreindýr og aðgengi að þeim, torfhús, (Langhús) kominn inn í enda dags, skógurinn og víðarvinnsla, skógarmenning, ís, sandur, skógur, norðurljós. Náttúrlaugar og jökull, ormurinn, Hengifoss, sveitarstjórn sem styður vel við nýsköpun, malbikaður hálandisvegur, umhverfi Snæfells, náttúra, skógur, laugar, hálandið, jökull, íslendingasögur, ormurinn, bókmenntasaga, gæði þjónustu góð, fólkið. Náttúra og veðurfar, nálægð við þéttbýli og nálægð við hálandið og góðir vegir, byggingaminjar í arkitektúr frá öllum tíma, dýralíf fjölbreytt, Flottir fossar, Langhús, hreindýr, ormurinn, lest á lóðinni, stærsta virkjun landsins, kyrrð og veðurfar.

Persónuleg ferðaþjónusta, fámenni, göngugátt í Lónið, óvenjulegur fjöldi torfveggja, árbakkar til útreiða, stór sauðfjárbú, grjóthlaðinn fjárrétt, hálandishótel, Skriðuklaustur, skapandi fólk, fámenni, veðurfar, skógurinn, Víðivallaskógur (útivist) Fljótið, náttúra- og menningarleg, persónuleg, ferðaþjónusta þjónustuaðilar ekki orðnir leiðir á ferðamönnum, hundar gelta að bílum, tækifæri í þjóðgarðinum. Stærsti birkiskógur landsins, Valþjófstaðahurð, þjóðsögur Sigfúsar, rólegt gamaldags landbúnaðarhérað, jarðfræði, Hengifoss, innviðir sveitarfélagsins, lítið velstätt sveitarfélag, stuttar boðleiðir til sveitarstjórnar, (einfalda stjórnsýslu) kjöfesta í opinberri stjórnsýslu. Lágt yfir sjó, veðursæld, Bessastaðaárgil, sauðfé, ull og kjöt og jafnvel mjólk, heimareykt kjöt, Ferðaþjónusta byggir á gamalli og nýrri menningu, Landbúnaðarrannsóknir. Holóttir vegir (sögulegt mál) hreindýr, Virkjunin, tærar jökulár, útsýni af hálandi. Snæfell hæsta fjall utan jökla. Jarðfræði dalsinn, drekkingarhylur (saga Sunnevu), kirkjan, Ranaskógur, Gunnarshús, Kláfurinn, Göngubúin yfir Fellsá. Faxi/foss jökull og lindará koma saman. Eyðibýli, Fossagangan, fossar. Víðátta, rými til að anda.

2. Afrakstur vinnuhópa

Í næstu umferð voru borðin (hóparnir) beðnir um að sameinast um fjórar megináherslur undir hverri spurningu og kynna áherslur sínar. Eftir kynningar talsmanna borðanna, fengu allir fundarmenn 4 plúsa til að gefa þeim hugmyndum eða verkefnum sem þeir töldu að ætti að leggja mesta áherslu á. Niðurstaða þeirrar vinnu er hér að neðan.

Samantekt hópavinnu

I. Sérstaða

1. Fjölbreytileiki í landslagi (7)
2. Fossar og gljúfur (6)
3. Menning (5)
4. Langhús (4)
5. Fjölskyldubú(4)
6. Fjótið og ormurinn (3)
7. Tröllkonustígur (1)

II. Tækifæri /hindranir

1. Cittaslow (13)
2. Mikilvægi merkingar og bílastæða (aðgengismál) (10)
3. Heimsminjaskrá Unesco Friðlýsa stjórnkerfi hreppsins (5)
4. Hreindýramenning, ljósmyndun saga, veiðar (5)
5. Tækifæri til að læra af reynslu annarra og gera þar með hlutina rétt/ Flugsamgöngur/Hreindýr/Ormurinn/ Starfsfólk (5)
6. Þjóðgarðurinn (4)
7. Geopark/jarðvangur (3)

III. Hlutverk ferðaþjónustu í atvinnu-og menningarlífi dalsins

1. Eflir samfélagið og atvinnulífið (8)
2. Styrkir samfélagið (8)
3. Fjölbreyttari atvinna (3)
4. Eykur menningu (3)
5. Fræðsla og miðlun (3)

3. Fljótsdalur árið 2037

Eftir kaffi var farið í upp á skýin og Fljótsdalur skoðaður eftir 20 ár eða árið 2037. Allir fundarmenn fengu tækifæri til að ferðast fram í tímann og sjá fyrir sér samfélagsgerðina, atvinnulíf og menningu það árið.

Afrakstur

- Kominn leikskóli,
 - Almenningsangöngur
 - Elliheimili með fallegu útsýni og sjálfbærum búskap
 - Niðurstöður ullartilrauna liggja fyrir
 - Lokið við skráningu menningarminja
 - 10 ára afmæli á heimsminjaskrá, Fljótsdalshreppur þekktur um víða veröld vegna skráningar.
 - 15 ára afmæli Cittaslow
 - Hengifossstígurinn valinn fyrirmyndarstígur fyrir stýringu og einstefnustíga.
 - Fljótsdalshreppur fyrirmynd annarra sveitarfélaga þegar kemur að því hvernig tókst að byggja upp sjálfbært samfélag á 20 árum
 - Varmaveita/hitaveita
 - Búið á öllum jörðum, fjölbreytt atvinna, elliheimili, kennsla og menntun
 - Fljótsdalur **áfangastaður** í ferðaþjónustu
 - Árni Jón fluttur í Fljótsdal
 - Fljótsdalur eftirsóknarverður staður til að búa á
 - Vefskóli á Droplaugastöðum
 - Hipp og cool fundaðjónusta
 - Atvinna og aðgengi að félags og mannlífi
 - Enn fjölbreyttara atvinnulíf
-
- Stærri og meiri skógur
 - Eyjabakkar aðgangsstýrðir –gæðaferðamennska í samstarfi við þjóðgarðinn
 - Ormsskúlpúturinn slitnar upp í roki út af Húsátanga
 - Vetrarferðamennska í kring um Snæfell, gönguskíði, ísveiði, fjallaskíði, þrúgur
 - Meðalhiti um 20 gráður
 - Allir á rafbílum
 - Hjörtur verður hættur að smala
 - Ferðamenn allan ársins hring
 - Fólk borgar fyrir að mega smala
 - Tóta verður ekki oddviti (sorry)
 - Stafkirkja risin
 - Átak árið 2037 til að sporna við fólksfjölgun með fríum smokkum
 - Zodiac eða kajakferðir frá Sturluflöt út í fljót
 - Straumferja ofan við Eyjabakkafoss
 - Jarðfræðiferðir
 - Austurstræti yfir í Lón er orðin hágæða aðgangsstýrð einstefnuleið
 - Allar loftlínur fjarlægðar
 - Fyrstu fjórburarnir fæðast
 - Þjóðgarðurinn verður einugis keyrður á rafbílum
 - Jónas Bragi verður heimsfrægur

- Aukinn fjölbreytileiki
- Ferðaleið í kring um Fljótsbotn,
- Eyjabakkar, búið að merkja gæsaréttina og búa til byrgi til að mynda og fylgjast með gæsum
- Kortlagningu minja lokið
- Meiri umferð upp á hálendið
- Will you still need me when I'm 84
- Fljótsdalur leiðandi í ferðaþjónustu á Austurlandi
- Hreindýr nýtt til ferðaþjónustu breytt regluverk
- Hótel Hengifoss (Hjarðarból) og önnur uppbygging
- Vottur af byggðarkjarna
- Tímabundinn bóndi- samstarf ferðaþjónustu og landbúnaðar
- Cittaslow samfélags og atvinnuskipan orðin staðreynd, umboðsmaður Fljótsdals "ranger"
- Rafbílar algengir
- Drónar notaðir til smalamennsku – bændur heima við tölvuna.

Hugleiðingar verkstjóra.

Hópurinn fór vel fram og einkenndist af góðri þátttöku allra gesta á málþinginu. Eftir stendur mikið og gott fóður í stefnumótun í ferðaþjónustu og innleiðingu hennar. Hópurinn var hugmyndaríkur, samtaka um helstu áherslur og síðast en ekki síst áhugasamur um verkefnið. Fundir og vinna af þessu tagi snúast þó ekki endilega alfarið um niðurstöður, heldur jafnt um að aðilar hafa komið saman, unnið saman, fengið vettvang að tjá hug sinn og hugsanlega fengið jarðveg fyrir hugmyndir sínar.

Ég lýsi mig reiðubúinn til að koma áfram að verkefninu, vinna það yfir á næsta stig mótunar stefnu og áætlunar um innleiðingu hennar. Jafnframt þakka ég fyrir tækifærið að koma og hjálpa til.

Kveðja

Hermann Ottósson